



Styrkir vegna veghalds í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessum styrkjum er að styðja við veghald í frístundahúsabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi, í því skyni að auka umferðaröryggi og tryggja samgöngur innan sveitarfélagsins.

2. gr.

Veghald

Í veghaldi felst að halda akstursleiðum innan viðkomandi frístundahúsabyggðar aksturshæfum, t.d. með ofaníburði, heflun, lagningu slitlags eða snjómokstri. Í veghaldi felast ekki nýframkvæmdir í vegagerð á viðkomandi svæðum, nema viðkomandi framkvæmd sé gerð flóttaleiðar samkvæmt deiliskipulagi.

3. gr.

Réttur til styrkveitingar

Rétt til styrkveitingar hafa öll formleg félög frístundahúsabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Með hverri styrkumsókn skal fylgja sundurliðaður kostnaður viðkomandi framkvæmdar, ásamt afriti af reikning vegna framkvæmdarinnar.

4. gr.

Styrkuppghæð

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert skal tilgreind ákveðin fjárhæð sem ætluð er til veghalds í frístundahúsabyggðum. Styrkur til einstaks félags er óskilgreindur en getur að hámarki orðið 10% af heildaruppghæð í fjárhagsáætlun og að hámarki 50% af heildaruppghæð framkvæmdarinnar.

5. gr.

Mat á styrkuppghæðum

Við mat á styrkuppghæðum til einstakra félaga skal horft til heildar lengdar vega innan svæðis, fjölda frístundahúsa innan svæðis og fjölda lóða.

6. gr.

Úthlutun styrkja

Tímabil styrkveitinga skal vera frá 16. september til 15. september. Aðeins er hægt að sækja um styrki vegna framkvæmda sem hafa átt sér stað á því tímabili, og skal úthlutun styrkja fara



fram í október ár hvert. Umsóknir skulu berast skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi 15. september. Samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps yfirfer umsóknir og skilar tillögum til sveitarstjórnar um styrkveitingar til hvers félags fyrir fyrri fund sveitarstjórnar í október til staðfestingar.

7. gr.

Gildistaka reglna

Reglur þessar eru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 2. desember 2020.

Grímsnes- og Grafningshreppur, 2. desember 2020

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri